

Stjórnarfundur 305

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
10.12.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 305
Fundarritari	Fundartími	
Gunnur Ýr Stefánsdóttir	09:00 – 10.45	

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Hilda Jana Gísladóttir
Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, fyrir
Sóleyju Björk Stefánsdóttur
Heimir Örn Árnason, fyrir Þórhall Jónsson
Þröstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi

Fjarverandi

Starfsfólk

Eyþór Björnsson
Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Gestir

Ólafur Róbert Rafnsson á fjarfundi – lið 1.

-
1. Áhættustefna Norðurorku hf.
 2. Styrkjamál - Stjórnar- og bakhjarlastyrkir
 3. Styrkjamál - Samfélagsstyrkir 2025
 4. Önnur mál

1. Áhættustefna Norðurorku hf.

Á 304. fundi var forstjóra falið að uppfæra áhættustefnu í samræmi við umræðu og tillögur á fundinum og leggja fyrir á næsta fundi stjórnar. Upplýsingaöryggisstjóri Norðurorku kynnti uppfærð drög að áhættustefnu félagsins.

Stjórn samþykkir áhættustefnuna.

2. Styrkjamál Stjórnar- og bakhjarlastyrkir

Stjórnar- og bakhjarlastyrkir Norðurorku eru veittir til verkefna sem styðja við jákvæða þróun samfélags innan veitusvæðis. Farið yfir umsóknir sem borist hafa um stjórnar- og bakhjarlastyrki.

Stjórn samþykkir að veita stjórnarstyrki til eftirfarandi aðila/verkefna en öðrum umsóknum hafnað.

- **Velferðarsjóður Eyjafjarðar v/Jólaaðstoð**

- **KA/Þór handbolti kvenna**

- **Þór/KA kvennaknattspyrna**

- **Blakdeild KA kvennalið**

- **Körfubolti Þór kvennalið**

- **Fabey Hollvinafélag**

- **Hestamannafélagið Léttir**

- **Hollvinafélag Kvíabekkjarkirkju**

Stjórn samþykkir einnig að gerast bakhjarl þriggja aðila/verkefna en öðrum umsóknum var hafnað.

- **Grófin geðverndarstöð (3 ár)**

- **Minningarsjóð Þorgerðar S. Eiríksdóttur (3 ár)**

- **Rannsóknamiðstöð HA v/Vísindaskóla unga fólksins (3 ár)**

3. Samfélagsstyrkir 2025

Sviðsstjóri á skrifstofu forstjóra fór yfir fyrirbyggjandi minnisblað og niðurstöðu vinnuhóps starfsfólks varðandi úthlutun samfélagsstyrkja 2025. Alls bárust 103 umsóknir um styrki að upphæð tæplega 70 milljónir króna. Fram kom að vinna hópsins hafi verið óvenju erfið í ár þar sem umsóknir voru fleiri en bárust fyrir líðandi ár, en upphæðin sem var til úthlutunar helmingi lægri. Því þurfti að hafna 74 verkefnum sem mörg hver voru mjög frambærileg. Niðurstaða vinnuhópsins var að úthluta þeim 5 milljónum sem til umráða voru á 29 verkefni.

Lagt fram til kynningar.

4. Önnur mál

a) Rætt um starfskjarastefnu fyrir Norðurorku hf.

b) Rætt um spennistöð Norðurorku í Sundlaug Akureyrar.

a) Stjórnarformanni og forstjóra falið að afla frekari gagna og leggja fram tillögu til stjórnar.

b) Til umræðu.